

SUMARDEKKJAPRÓFUN

„Græn“ og „svört“ dekk

Það er hið þýska systurfélag FÍB; ADAC sem gert hefur sumardekkjakönnunina 2015 sem hér birtist.

Niðurstöðurnar koma á óvart að því leyti að þær sýna talsverðan mun milli venjulegra dekkja og þeirra grænu, þeim síðarnefndu frekar í óhag. Ennfremur staðfestir hún umtalsverðan mun milli „grænu“ dekkjanna innbyrðis.

Grænu dekkinn draga nafn sitt af því að þau eiga að hafa mjög lága núningsmótstöðu. Það þýðir að bílarnir renna mun léttar á þeim og þar með lengra en þeir gera á venjulegum dekkjum. Færri hestöfl og þar með færri eldsneytislitra þarf þar með til að koma bílnum á ferð og til að viðhalda hraða hans. Þegar horft er á málið með umhverfisglærunum er þetta auðvitað hið besta mál, en dekk snúast bara um fleira, m.a. umferðaröryggi: Sýnin verður ekki alveg jafn björt þegar málið er skoðað með umferðaröryggisglærunum.

Til þess að geta kallast „grænt“ og eldsneytissparnaðurinn raunverulegur þurfa dekkinn að vera öðruvísi uppbyggð en þessi venjulegu „svörtu“ og annarskonar gúmmíblöndur þurfa að vera í þeim sem gjarnan eru harðari. Þetta þýðir að „grænu“ dekkinn

eru gjarnan hávaðasamari í akstri. Og af því gúmmíð í þeim er harðara þá er líka hættu á að veggripið verði ekki eins gott í beygjum eða í hemlun, sérstaklega þegar bleyta er á vegunum. Þetta má líka lesa út úr könnuninni ef grannt er skoðað enda þótt sumum framleiðendum hafi vissulega tekist ágætlega upp.

Sérstaklega er þessi munur áberandi hjá Continental í 16 tommu dekkjaflokknum. Þar er í þriðja sætinu Continental ContiPremiumContact 5 sem er venjulegt (svart) dekk og það er meðal þeirra bestu í öllum þáttum sem lúta að akstursöryggi og ágætt í akstri á votum vegi. Í „grænu“ þáttunum sem eru núningsmótstaða og veggnyr er dekkið hins vegar í meðallagi en í heildareinkunn fær dekkið 8,8 af tíu.

En í 16 tommu flokknum er annað

Continental dekk. Það er „grænt“ og heitir ContiEcoContact 5. Heildareinkunn þess er einungis 5,2 og þar munar mestu um að það spjarar sig ekkert sérstaklega á þurrum vegi og alls ekki vel í bleytu en hins vegar prýðilega í „grænu“ þáttunum.

Könnunin leiðir ennfremur í ljós að í besta falli getur fólk vænst þess að lækka eldsneytiskostnað sinn um fimm prósent með því að setja bílinn á „græn“ dekk miðað við grænustu fánlegu dekkinn á móti þeim minnst grænu eða „svörtustu“ sem hægt er að finna í könnuninni. Þættir eins og verðmunur éta auðveldlega upp ávinninginn af þessum framtíðar eldsneytissparnaði. En ef fólk er að leita að sparnarleið þá er bestu leiðina að finna í slitþoli hjólbarðanna. Því slitþolnara dekk, þeim mun meiri sparnaður þegar að endurnýjun



kemur. Slitþolnustu dekkinn í þessari könnun munu líklega endast tvöfalt á við þau sem minnsta slitþolið hafa. En þótt slitþol „grænu“ dekkjanna sé oftast en ekki minna en þeirra „svörtu“ þá er það síður en svo algilt. Það staðfestist t.d. hjá bæði Michelin og Continental. Nánast enginn munur mældist á slitþoli „grænu“ og „svörtu“ dekkjanna frá þessum framleiðendum.

Flest góð – sum afbragðsgóð

Þessi könnun nær til flestra nýjustu og bestu gerða fólksbíla-sumardekkja á markaði í Evrópu. Niðurstöður eru birtar í tvennu lagi; annarsvegar fyrir smábíla og hins vegar meðalstóra og stóra fólksbíla. Smábíladekkinn eru af stærðinni 185/60 R14 H. Stærri dekkinn eru af stærð 205/55 R16 V. Þessir stærðarflokkar, sérstaklega sá stærri, eru lang algengastir í Evrópu allri að Íslandi meðtöldu.

Í 14 tommu flokknum eru alls 16 tegundir dekkja. Sex þeirra stóðu sig mjög vel, átta reyndust í meðallagi sem þýðir að þau eru fyllilega viðundandi. Einungis tvö stóðust prófin með þeim hætti að ekki er þykir fært að mæla með kaupum á þeim.

Í flokki 16 tommu dekkjanna reyndust sömuleiðis sex dekk standa sig með ágætum en einungis eitt reyndist með þeim hætti að ekki er hægt að mæla með kaupum á því. 11 dekk eru með miðlungs-meðaleinkunn. Það þýðir að sum þeirra kunna að hafa mjög góða eiginleika á einstökum sviðum en síðri á öðrum. Það þýðir líka að leggja þarf á sig nokkra fyrirhöfn við að rýna í könnunin og bera saman niðurstöðurnar við sínar eigin ríkjandi akstursaðstæður ef manni langar sérstaklega mikið í eitt miðlungsdekkjanna. Einfaldara er þó kannski að velja bara eitthvert þeirra sex bestu, sérstaklega ef verðmunurinn er lítill eða enginn.

Dekkin voru prófuð að venju í þeim tilgangi að meta afköst þeirra og getu við hemlun, hröðun og í beygjum á bæði þurrum og blautum vegum og brautum. Þá eru afköst þeirra við að ryðja vatni frá sér sérstaklega prófuð enda er það afar mikilvægur eiginleiki. Það er nefnilega lítt eftirsóknarvert að lenda í því að bíll fljóti upp eða „plani“ eins og hraðbátur. Við það verður hann nefnilega stjórnlaus. Góð vatnspolin dekk eru ekkert síður

nauðsynleg á Íslandi en annarsstaðar. Á Íslandi eru nefnilega djúp hjólför alltof algeng á vegum og götum sem full eru af vatni í rigningum.

Að öðru leyti er slitþol dekkjanna mælt, sem og núningsmótstaða þeirra og veggnyr frá þeim. Núningsmótstaðan snýst um það hversu létt bíllinn rennur á dekkjunum. Þetta er oftast prófað með því að bíll er látinn renna niður skábretti niður á slétta hallalaus braut eða gólf og síðan mælt hversu langt hann rennur áður en hann stöðvast. Út frá mælingunum verður svo til formúla sem notuð er til að reikna úr hve mikið eldsneyti sparast miðað við það dekk sem styst rann.

Þessi dekkjaprófun ADAC fór fram síðsumars 2014 og stóð fram á haustið. En ADAC stendur ekki eitt að þessari könnun því að fjölmörg systurfélaganna í Evrópu taka þátt í verkefninu og birta síðan niðurstöðurnar í félagsmiðlum sínum.

8,6 Sigurvegari	8,5 grænt dekk	8,4 grænt dekk	7,0 grænt dekk	6,8	6,8
Continental Conti PremiumContact 5	Goodyear EfficientGrip Performance	Nokian Line	Dunlop Sport Bluresponse	Vredestein Sportrac	Hankook Kinergy Eco K425

Vægi	★★★★★	★★★★★	★★★★★	★★★★★	★★★★★
------	-------	-------	-------	-------	-------

Öruggt og traustvekjandi í öllum prófunarflokkum. Mjög gott á þurrum vegi en best allra í bleytu.	Framúrskarandi sumardekk. Besta dekkið á þurrum vegi en einnig mjög gott í bleytu. Lág núningsmótstaða, en fremur hávært.	Fyrirtaks sumardekk. Sérlega slitþolið, en fremur hávært.	Ágætis sumardekk. Mjög gott á þurrum vegi og með lága núningsmótstöðu. Fremur hávært.	Gott sumardekk sem hefur góða eiginleika á þurrum vegi og er slitþolið.	Traust sumardekk. Engir sérstakir veikleikar. Ágætt á þurrum vegi og vel slitþolið.
---	---	---	---	---	---

Þurr vegur	★★★★★	★★★★★	★★★★★	★★★★★	★★★★★
Blautur vegur	★★★★★	★★★★★	★★★★★	★★★★★	★★★★★
Veggnýr	★★★★	★★★	★★★	★★★	★★★★
Eyðsla (núningsm.)	★★★★	★★★★	★★★★	★★★★★	★★★★
Slitþol	★★★★	★★★★	★★★★★	★★★★	★★★★

Verð 4 stk = 91.200
Verð án afsláttar
Söluaðili Klettur

Verð 4 stk = 50.360
Verð án afsláttar
Söluaðili Max 1

5,8	5,6 grænt dekk	5,4	5,4 grænt dekk	5,4	5,2 grænt dekk
Firestone Firehawk TZ 300 a	Michelin Energy Saver+	Sava Intensa HP	Pirelli Cinturato P1 Verde	Infinity Ecosis	Yokohama BluEarth AE-01

Vægi	★★★★★	★★★★★	★★★★★	★★★★★	★★★★★
------	-------	-------	-------	-------	-------

A heilina titið eru eiginleikarnir góðir að því undanskildu að í bleytu er dekkið einungis í meðallagi, sem dregur það niður.	Gott slitþol og lág núningsmótstaða. Eiginleikarnir á bæði þurrum og votum vegi draga dekkið niður.	Eiginleikar þessa dekk eru allir í meðallagi að því undanteknu að það hefur gott slitþol.	Að flestu leyti er þetta ágætis sumardekk nema að því leyti að núningsmótstaðan er talsverð.	Eiginleikarnir í flestum prófunarþáttum eru í meðallagi og ekki nógu afgerandi til að lyfta aðaleinkunninni.	Eiginlega er þetta ágætis dekk en þó með þeirri undantekningu að það þyrfti að vera betra í þeim mikilvæga þætti sem er bleytan.
---	---	---	--	--	--

Þurr vegur	★★★★★	★★★	★★★	★★★★	★★★★
Blautur vegur	★★★	★★★	★★★	★★★	★★★
Veggnýr	★★★	★★★	★★★	★★★★	★★★★
Eyðsla (núningsm.)	★★★★	★★★★★	★★★★	★★★★	★★★★★
Slitþol	★★★★	★★★★★	★★★★★	★★★★	★★★★

5,0	5,0	3,0 grænt dekk	2,0
GT Radial Champiro Eco	Semperit Comfort-Life 2	Kumho KH27 Ecowing E501	Matador MP 16

Vægi	★★★★★	★★★★★	★★★★★	★★★★★
------	-------	-------	-------	-------

Í meðallagi gott í hinum þungvægu þáttum sem eru vortur og þurr vegur. Það er ergilegt þar sem dekkið er gott að öðru leyti.	Einstaklega slitþolið dekk og núningsmótstaðan sömuleiðis lág. Það nægir bara ekki til að vega upp á móti öðrum þáttum.	Núningsmótstaðan er mjög lág. Í bleytni er það hins vegar ekki nógu traust og það dregu mikið niður.	Afleitt í bleytu og það skilar þessu dekki niður í neðsta sætið í þessari könnun.
--	---	--	---

Þurr vegur	★★★	★★★	★★★★	★★★
Blautur vegur	★★★	★★★	★★	★★
Veggnýr	★★★★	★★★★	★★★★	★★★★
Eyðsla (núningsm.)	★★★★	★★★★★	★★★★★	★★★★
Slitþol	★★★★	★★★★★	★★★★★	★★★★

NOKIAN
TYRES

Skoðaðu
dekkjaleitarvélina á

MAX1.is



VELDU ÖRYGGI

Margverðlaunuð NOKIAN gæðadekk

Á Íslandi vitum við að sumarveður getur þýtt alls konar veður. Þess vegna hefur Nokian þróað sumar- og heilsársdekk sem henta fjölbreyttu veðurfari norðlægra slóða.

- ✓ ein **öruggustu** dekk sem völ er á
- ✓ valin **bestu dekk** í gæðakönnunum
- ✓ eigum dekk fyrir **fólksbíla**, **jeppa** og **sendibíla**

Mundu eftir
FÍB afslættinum

Mundu: nagladekkinn af fyrir 15. apríl

Greiðsludreifing í boði

Opnunartími: virka daga kl. 8-17. Laugardaga: sjá MAX1.is

Bíldshöfða 5a, Rvk
Jafnaseli 6, Rvk
Dalshrauni 5, Hfj
Knarrarvogi 2, Rvk (ath. ekki dekkþjónusta)

Aðalsímanúmer
515 7190

MAX1
BÍLAVAKTIN



9,8 **Sigurvegari** Michelin Primacy 3 8,8 **grænt dekk** Goodyear Efficient Grip Performance 7,4 Continental Conti Premium Contact 5 7,2 **grænt dekk** Dunlop Sport BluResponse 6,8 **grænt dekk** Pirelli Cinturato P7 Blue 6,8 Bridgestone Turanza T001

Vægi ★★★★★ ★★★★★★ ★★★★★★ ★★★★★★ ★★★★★★ ★★★★★★

Hér er bæði slitstyrkurinn og öryggið í fyrirrúmi. Sumardekk fyrir þá sem aka mikið við allskonar skilyrði og sigurvegari könnunarinnar.

Fyrirtaks sumardekk og það besta í bleytunni af dekkjunum í þessari könnun.

Þrýðis sumardekk og það besta í þessari könnun á þurrum vegi. Ágætt einnig í bleytu.

Mjög jafngott í öllum prófunarþáttunum. Engir sérstakir veikleikar merkjanlegir.

Örugg í öllum akstursaðstæðum. Fremur hávært.

Gott dekki í öllum þáttum sem lúta að öryggi. Nokkuð hávært.

Þurr vegur
Blautur vegur
Veggnýr
Eyðsla (núningsm.)
Slitþol

★★★★★	★★★★★	★★★★★	★★★★★	★★★★★	★★★★★
★★★★★	★★★★★	★★★★★	★★★★★	★★★★★	★★★★★
★★★★★	★★★★★	★★★★★	★★★★★	★★★★★	★★★★★
★★★★★	★★★★★	★★★★★	★★★★★	★★★★★	★★★★★
★★★★★	★★★★★	★★★★★	★★★★★	★★★★★	★★★★★

Verð 4 stk = 84.801
Verð án afsláttar
Söluaðili Klettur



6,0 Fulda EcoControl HP 6,0 Hankook Ventus Prime2 K115 5,8 Semperit Speed-Life 5,6 Vredestein Sportrac 5 5,4 Falken Ziex ZE-914 5,4 Nokian Line

Vægi ★★★★★★ ★★★★★★ ★★★★★★ ★★★★★★ ★★★★★★ ★★★★★★

Í meðallagi á bæði þurrum vegi sem og í bleytu. Gott slitþol nægir þó ekki til að lyfta því upp í hærri aðaleinkunn.

Gott á þurrum vegi en síðra í bleytunni. Núningsmótstaða mikil gerir þetta er eldsneytisfrekasta dekkið í þessari könnun. Það dregur það verulega niður.

Þetta dekk er í meðallagi í þeim þáttum sem mestu máli skipta. Því verður aðaleinkunnin ekki betri en hún er.

Mjög gott á þurrum vegi en síðra í bleytunni.

Afar lítið slitþol dregur dekkið mikið niður. Ennfremur eru bleytueiginleikar fremur slakir sem bætir heldur ekki úr skák.

Eiginlega er þetta ágætis dekki í flestum þáttum sem lúta að örygginu. Lítið slitþol dregur það niður.

Þurr vegur
Blautur vegur
Veggnýr
Eyðsla (núningsm.)
Slitþol

★★★★★	★★★★★	★★★★★	★★★★★	★★★★★	★★★★★
★★★★★	★★★★★	★★★★★	★★★★★	★★★★★	★★★★★
★★★★★	★★★★★	★★★★★	★★★★★	★★★★★	★★★★★
★★★★★	★★★★★	★★★★★	★★★★★	★★★★★	★★★★★
★★★★★	★★★★★	★★★★★	★★★★★	★★★★★	★★★★★

Verð 4 stk = 94.438
Verð án afsláttar
Söluaðili BJB

Verð 4 stk = 62.740
Verð án afsláttar
Söluaðili Max 1



5,2 **grænt dekk** Bridgestone Ecopia EP0015 5,2 **grænt dekk** Continental ContiEcoContact 5 5,2 **grænt dekk** Michelin Energy Saver+ 5,0 **grænt dekk** Hankook Kinergy Eco K425 5,0 Kumho H551 2,0 Nankang Econex Eco-2 (Grønn/Sport)

Vægi ★★★★★★ ★★★★★★ ★★★★★★ ★★★★★★ ★★★★★★ ★★★★★★

Grunnt mynstur á slitfleti hefur það í för með sér að dekkið spjarar sig ekki vel í bleytu. Þá er slitþolið lítið.

Þetta „græna“ dekk spjarar sig ekki vel í bleytu og stenst því enganveginn systurdekkinu PremiumContact 5, snúning.

Ágætir eiginleikar á þurrum vegi og mikið slitþol ná ekki að vega upp á móti rýrum árangri í bleytu.

Þetta „græna“ dekk er ekki frekt á eldsneytið. Aðrir eiginleikar þess eru því miður ekki í takti við það.

Gott á votum vegum. Slitþolið er hins vegar ekki mikið. En þetta er ódyrt dekk og getur svo sem nægt þeim sem ekki keyra mikið.

Stendur sig mjög illa í bleytu, svo illa að framleiðandinn hefur komið fram með annað dekk sem á að vera betra, en náði ekki inn í þessa prófun.

Þurr vegur
Blautur vegur
Veggnýr
Eyðsla (núningsm.)
Slitþol

★★★★★	★★★★★	★★★★★	★★★★★	★★★★★	★★★
★★★★★	★★★★★	★★★★★	★★★★★	★★★★★	★
★★★★★	★★★★★	★★★★★	★★★★★	★★★★★	★★★★★
★★★★★	★★★★★	★★★★★	★★★★★	★★★★★	★★★★★
★★★★★	★★★★★	★★★★★	★★★★★	★★★★★	★★★★★

LÁGMARKS MYNSTURDÝPT

má ekki vera grynna en
1,6 mm

Dekkjamyndstrið hefur mjög mikla þýðingu fyrir það hversu stöðugur bíllinn er í akstri, Hve vel hann svarar stýrinu, hversu vel hann hemlar og hversu vel dekkið ryður frá sér vatni á blautum vegum.

Nú hafa nýjar reglur um lágmarks myndsturdýpt tekið gildi og er hún nú 1,6 mm (var áður 1,5 mm og þar áður 1,0 mm). Dekk eru nú ólögleg ef myndstrið er grynna en 1,6 mm. Algengast er að myndsturdýpt nýrra sumarhjólbarða sé 7-8 millimetrar. Ágætt er auðvitað að mæla af og til myndsturdýptina þegar dekkinn taka að slitna. Til eru sérstakir mælar til þess sem ágætt getur verið að hafa til taks í bílnum. Það er þó að mestu óþarft því að ofan í sjálfu myndstri flestra dekkja eru litlir gúmmíkubbar. Þegar myndstrið er orðið það slitið að þessir kubbar eru orðnir sléttir við yfirborð slitflatarins, er dekkið að verða eða orðið ólöglegt. Þessir kubbar eru sérstaklega merktir á hliðum

Prófunarþættir og vægi þeirra

Ekið á þurrum vegi Heildarvægi 20%

Akstur í beygjum	35%
Beygt frá hindrun	35%
Nauðhæmlun	30%

Ekið á blautum vegi Heildarvægi 40%

Hæmlun	30%
Flotun á beinum vegi	20%
Flotun í beygju	10%
Rásfesta og akstursegginleikar	30%
Veggrip	10%

Veggnýr Heildarvægi 10%

Vegdynur inni í bíl	50%
Vegdynur utan bíls	50%

Eldsneytiseyðsla/núningsmótstaða 10%

Slitþol	20%
---------	-----

flokkarnir miklu fleiri og óvinnandi vegur yrði að prófa þá alla. Því eru þeir algengustu láttnir duga.

Dekkin í minni flokknum eru öll af stærðinni 185/60 R14 H en í þeim stærri eru öll 205/55 R16 V. Fyrsta talan tákna breidd slitflatar dekkisins í millimetrum. Hún er þannig í minni flokknum 185 mm. Önnur talan, 60, tákna að hæð dekkbelgins frá felgubrún að slitfleti er 60% af breidd slitflatarins.

dekkjanna með táknu TWI (Tread wear indicator) þar sem þetta tákni er að finna á hlið dekkis er að finna svona slitkubba ofan í myndsturrásunum.

R þýðir að dekkið er radíaldekk og talan 14 þýðir að dekkið passar á felgu sem er 14 tommur í þvermál. Að síðustu kemur svo bókstafur sem tákna hraðþol dekkisins.

Hvað þýða áletranirnar?

Sumardekkinn í þessari könnun tilheyrir sínum hvorum stærðarflokknum. Innan þeirra rúmast lang algengustu stærðirnar sem eru undir fólksbílum í Evrópu, sérstaklega þó 16 tommu flokkurinn. En auðvitað eru stærðar-

Bókstafurinn H þýðir að dekkið þolir akstur á allt að 210 km hraða. Í stærri flokknum er síðasti stafurinn V. Hann þýðir að dekkinn þola akstur á allt að 240 km hraða.



GRIPMAX
FREEDOM FOR ADVENTURE

FRELSI TIL ÆVINTÝRA

Nú þurfa dekk ekki lengur að vera fyrirstaða þess að ævintýrin rætist...

Við erum að tala um gæði á verði sem þú hefur aldrei séð áður!

Leggðu Gripmax á minnið.